

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skorradalshreppi.

Breyting á deiliskipulagi Hvammsskóga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 28. júní 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvammsskóga í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að hámarkshæð húsa hækkar úr 4,8 m í 6 m.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hvammsskóga neðri.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 28. júní 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvammsskóga neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að hámarkshæð húsa hækkar úr 5,2 m í 6 m.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 2. nóvember 2005.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005